



LANDVERND

Vasa: 2010011
Dalabyggð Mennta-
ráðgjafi
16. OKT. 2020
Próbnykur 09.02.00

Reykjavík, 12. október 2020

Kristján Sturluson sveitarstjóri
Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Vindorka - vöndum til verka

Borist hafa fréttir af því að tíu aðilar hafi hug á að reisa samtals 34 vindorkuver á Íslandi í 18 sveitarfélögum. Bréf þetta er sent þessum sveitarfélögum. Yfirlit yfir hugmyndir um vindorkuverin er að finna í viðauka.

Fátt bendir til þess að þörf verði fyrir meira afl í orkukerfi landsins á næstu árum, jafnvel þó öll áform um orkuskipti í samgöngum gangi eftir, ef marka má greiningu Orkuveitu Reykjavíkur. Því mætti álykta sem svo að umræða um vindorku sé ekki tímabær. En reynslan sýnir að skjótt geta skipast veður í lofti og gott er að vera vel undir það búinn.

Sveitarstjórnir gegna lykilhlutverki við ákvarðanir um staðarval vindorkumannvirkja. Landvernd telur skynsamlegt að sveitarfélög marki sér langtímastefnu um vindorkuver í skipulagi, þar sem aðkoma almennings að ákvarðanatöku er tryggð á fyrstu stigum ferlisins.

Landvernd gaf út 2018 fyrsta heildstæða rit á Íslandi um vindorku í ritinu „**Virkjun vindorku á Íslandi: Stefnumótunar- og leiðbeiningarrit Landverndar**“. Þar er að finna leiðbeiningar um 36 efnisatriði sem þarf að fjalla um þegar mat er lagt á byggingu vindorkuvera. Ef sveitarfélög fylgja þeim leiðbeiningum aukast líkur á að niðurstaða náist sem er hagfelld fyrir bæði samfélag og náttúru.

Landvernd telur að best sé fyrir alla aðila að vindorkuver falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammaáætlun) svo útiloka megi á frumstigi staði sem teljast varhugaverðir vegna neikvæðra áhrifa. **Landvernd telur skynsamlegt að sveitarfélög bíði með breytingar á skipulagi fyrir vindorkuver þar til niðurstaða rammaáætlunar liggur fyrir.**

Meðfylgjandi er framangreind skýrsla Landverndar og hvetjum við viðkomandi sveitarfélög að kynna sér hana vel og nýta þær leiðbeiningar sem þar koma fram.

Rafræna útgáfu ritsins er að finna hér: <https://landvernd.is/virkjun-vindorku/>

Með vinsemi og virðingu,

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar